

þar sem:

- a = Fjöldi kennslustunda á mánuði umfram kennsluskyldu samkvæmt ráðningu og reglum um afslátt af kennsluskyldu.
- b = Föst mánaðarlaun samkvæmt ráðningu.
- c = Fjöldi skyldukennslustunda á mánuði miðað við ráðningu í fulla stöðu án afsláttar.
- d = Ráðningarhlutfall kennara.

Um greiðslur fyrir áðurgreinda aukakennslu og aðra aukakennslu þessara kennara, þar með greiðslur í veikindaforföllum, fer að öðru leyti eftir reglum um greiðslur fyrir aukakennslu kennara í fullri stöðu.

Ákvæði þessarar greinar gilda frá 1. september 1970.

7. gr.

Stjórnskipaðir prófdómendur skulu hafa sama tímakaup og stundakennarar skólanna, er þeir starfa við. Greiða skal fyrir hverja klukkustund prófdómara-starfs eins og fyrir eina kennslustund.

8. gr.

Auglýsing nr. 252/1968 um laun stundakennara er hér með úr gildi felld.

Í menntamálaráðuneytinu, 29. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ

um rekstrarkostnað skóla.

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Ríkissjóður og sveitarfélög greiða rekstrarkostnað barna- og gagnfræðastigsskóla samkvæmt því, er segur í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, og eftir því, sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Sveitarfélög sjá um útborgun slíks kostnaðar, annars en fastra launa skólastjóra, fastra launa kennara og annarra starfsmanna, sem menntamálaráðuneytið ræður, setur eða skipar. Laun stjórnskipaðra prófdómenda greiðast beint úr ríkissjóði svo og þóknun til skólastjóra vegna tvi- og þrisetningar. Einnig greiðast beint úr ríkissjóði laun námsstjóra og námseftirlitsmanna, er ráðuneytið ræður, setur, eða skipar, svo og laun ráðskvemma í heimavistum skyldunáms, enda séu ráðningarkjör þeirra samþykkt af ráðuneytinu.

2. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélögum útlagðan launakostnað vegna kennslu og annarra starfa, mánaðarlega eftir á, á starfstíma skóla eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari. Greiðslur fara fram með þeim hætti, að mánaðargreiðslur eru miðaðar við áætlun skólanefndar og skólastjóra fyrir viðkomandi skóla-

ár, samþykkt af sveitarstjórn og menntamálaráðuneyti. Mánaðargreiðslur breytast með breytingum á launum. Greiðslur sveitarfélaga umfram þá áætlun annars vegar og ofgreiðslur ríkissjóðs hins vegar skulu gerðar upp við áramót og að liðnu skólaári. Þegar fyrir liggja mánaðarleg uppgjör þessa kostnaðar í formi, er áður hefur verið samþykkt af ráðuneytinu, skal endurgreitt mánaðarlega á grundvelli þeirra.

Annar rekstrarkostnað skóla, sem ríkissjóður tekur þátt í skv. lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, endurgreiðir hann sveitarfélögum eftir á, að fengnum og endurskoðuðum reikningum eftir nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

II. KAFLI

Um launakostnað.

3. gr.

Mánaðarleg endurgreiðsla launakostnaðar er vegna:

- a) Kennslu fastra kennara umfram skyldukennslu, sé sú kennsla ekki greidd beint úr ríkissjóði.
 - b) Kennslu stundakennara.
 - c) Heimavinnu samkvæmt samningi fyrir leiðréttingu skriflegra verkefna, á meðan slíkir samningar eru í gildi.
 - d) Vörzlu í kaffihléum, sé hún greidd með samþykki ráðuneytisins.
 - e) Vörzlu í heimavist.
 - f) Álags á skyldukennslu utan takmarka dagvinnutíma.
 - g) Eyða í stundaskrá kennara.
 - h) Forfallakennslu.
 - i) Launagreiðsla til annarra en kennara fyrir skrifstofuaðstoð og kaffiumsjón, þar sem slíkar umsjónar er talin þörf, að dómi ráðuneytisins. Skulu þær og launakostnaður vegna aðstoðar kennara við skólastjórn, skv. reglum, er ráðuneytið samþykkir, færðar til reiknaðra stunda miðað við stundakennslukaup í dagvinnu og starfsmánuði skóla.
- Samanlagður fjöldi reiknaðra stunda samkvæmt þessum lið fari að jafnaði ekki fram úr 5% af hámarki reiknaðra stunda samkvæmt a, b, og c liðum 19. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.
- j) Félagsstarfa í skólum á gagnfræðastigi. Til þessarar starfsemi má að jafnaði verja allt að 2% reiknaðra stunda samkvæmt b og c lið 19. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.
 - k) Verði vegna góðrar skipulagningar í kennslu og annarri starfsemi skóla, sem færð er til reiknaðra stunda, afgangur af hámarki reiknaðra stunda, samkvæmt a, b, og c lið 19. gr. laga nr. 49/1967, má með samþykki ráðuneytisins, eða þeirra fræðsluyfirvalda er umboð þess hafa, ráðstafa reiknuðum stundum allt að þessu hámarki til ýmiss konar námshjálpar, enda sé um skipulagða starfsemi að ræða, og gerð grein fyrir henni í áætlun samkvæmt 18. gr. laga nr. 49/1967.

4. gr.

Endurgreiðsla ríkissjóðs á kennslulaunum og öðrum launum, sem færð eru til reiknaðra stunda, og ekki eru greidd beint úr ríkissjóði, er háð hámarksákvæðum 19. gr. laga nr. 49/1967. Verði af hálfu menntamálaráðuneytisins eða með þess samþykki gerðar breytingar á kennslu, námsefni eða skólahaldi, breytast reglur um hámark reiknaðra stunda til samræmis. Til reiknaðra stunda teljast:

Kennar stundir, sbr. 5. gr.

Sjúkrakennsla þ.m.t. talkennsla.

Eyður í stundaskráum kennara.

Umsjón í heimavistum.

Aðstoð við skólastjórn.

Félagsstjórn í gagnfræðastigsskólum, sbr. 3. gr.

Stundafjöldi, sem varið er til starfa í þágu skóla samkvæmt k-lið 3. gr.

Kostnaður, sem færður er til reiknaðra stunda samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélags (sveitarfélaga) vegna stjórnarfræðslumála í viðkomandi fræðsluhéraði.

Kostnaður, er stafar af sérstökum heimildum, er ráðuneytið veitir. Slíkar heimildir skulu ætíð veittar skriflega.

5. gr.

Hámark kenndra stunda, sem ríkissjóður endurgreiðir á viku á hverja fullskipaða bekkjardeild í barna- og gagnfræðastigsskólum, er sem hér segir:

	45 mín. kennslust.	40 mín. kennslust.
7 ára		20
8 —		22
9 —		26
10 —		31
11 —		33
12 —		37
13 —	35	39
14 —	37	41
15 —	37	41
16 —	37	41

Til viðbótar þessum stundafjölda kemur sá stundafjöldi, sem varið er til sundnáms, svo og stundafjöldi vegna matreiðslukennslu á gagnfræðastigi.

Sé stundafjöldi á kennslumánuði hærrí en venjuleg námsskrá fyrir 9 mánaða barna- og gagnfræðastigsskóla segir til um, vegna styttra skólaárs, eða víxlkennslu bekkja, hækkar endurgreiddur stundafjöldi á mánuði, sem nemur aukinni kennsluþörf, til þess að nemendur fái tilskilda kennslu. Veiti skóli verknámskennslu eða aðra kennslu, er hefur í för með sér nauðsynlega deildaskiptingu umfram það, að kennslustundir í óskiptri, fullskipaðri bekkjardeild séu 20 fleiri en nemendastundir á mánuði, hækkar stundafjöldi sem nemur aukinni kennsluþörf. Þó má ekki að jafnaði hafa færri en 12 nemendur í sérkennslutíma í einstökum bekkjardeildum. Til skiptigreina teljast í þessu sambandi m. a. handavinna, matreiðsla, sund og leikfimi.

Í sérskólum fyrir börn, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, endurgreiðir ríkissjóður allt að 30 kenndar stundir á kennsluviku á hverja 12 nemendur. Sé um heimavistar-skóla að ræða fyrir slíka nemendur, er auk þess heimilt að verja allt að tveimur stundum á nemanda á viku til námshjálpar í þessum skólum.

III. KAFLI

Um fjarlægðarkostnað.

6. gr.

Eftirfarandi reglur gilda um þáttöku ríkissjóðs í aksturskostnaði sveitarfélaga vegna skólasóknar skyldunámsnemenda og í öðrum tilkostnaði, er komið getur í stað aksturskostnaðar.

- a) Þeir nemendur einir koma til greina, er lengri skólaleið eiga en 1500 metra.
Skólaleið er eðlileg, greiðfær gönguleið frá heimili nemanda að skóla.
- b) Þátttaka ríkissjóðs í aksturskostnaði er að hámarki miðuð við 60 km akstursleið nemanda á dag. Akstursleið nemanda er sú leið, sem farin er með bifreið þeirri, er nemandi notar í skipulögðum skólaakstri. Miðað skal við, að aksturstími hvers nemanda sé ekki lengri en 90 mín. hvern skóladag að jafnaði, miðað við venjulegar akstursaðstæður.
- c) Þar sem hægt er að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreiðir þannig að daglegur biðtími nemenda sé ekki lengri en 90 mín. hvern skóladag að jafnaði, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi helming kostnaðar þess. Þurfi slikt sveitarfélag að dómi ráðuneytisins að skipuleggja sérstakan akstur vegna sumra nemenda, endurgreiðir ríkissjóður einnig helming þess kostnaðar.
- d) Sé ekki hægt að nýta strætisvagna eða áætlunarbifreiðir, en skólasókn nemenda háð akstri hvern skóladag, eða einhverjum þeirra valkosta, sem taldir eru í e. 2 til e. 6, úrskurðar ráðuneytið, óski sveitarfélög þess, ákveðið ríkisframlag á nemanda hvern. Þetta ríkisframlag er margfeldi af skóladögum nemanda, skólaleið hans allt að 30 km og allt að 8 króna grunnupphæð miðað við verðlag á sérleyfisakstri í október 1970. Þessi grunnupphæð breytist hlutfallslega með breytingum á sérleyfistöxtum póst- og sínamálastjórnar. Stefnt skal að því, að aksturskostnaður eða annar kostnaður, er í hans stað getur komið, sbr. lið e, 2 til e, 6, hér á eftir, sé að fullu endurgreiddur úr ríkissjóði, sparist við það heimavist við sameiginlegan skóla tveggja eða fleiri sveitarfélaga, enda sé að dómi ráðuneytisins nýtt sú skipan mála, er leysir fjarlægðarmál nemenda á sem hagstæðastan hátt.
- e) Náist samkomulag um framlag ríkissjóðs samkvæmt reglum d liðar, er skólanefnd — í umboði sveitarstjórna — heimilt að ráðstafa framlaginu til:
1. Kostnaðar vegna skólaaksturs innan skólahverfis.
 2. Kostnaðar við að koma nemanda í vist í nágrenni skólans.
 3. Kostnaðar við að koma nemanda í vist til skólagöngu utan skólahverfis.
 4. Kostnaðar við að koma nemanda að heimavistarskóla utan skólahverfis.
 5. Kostnaðar við að aka nemanda að skóla utan skólahverfis.
 6. Greiðslu til foreldra til þess að aka nemendum að skóla eða að akstursleið skólabifreiðar.

Skólanefndum — í umboði sveitarstjórna — er heimilt að bjóða foreldrum nemenda, sem langa eða erfiða skólaleið eiga, einn þeirra kosta, er taldir eru að framan undir 2—6, en hafa ekki skyldu til þess að skipuleggja akstur hans vegna, verði sá kostnaður hærri en kostnaður vegna einhvers valkostar 2—6 hér að framan, enda sé að dómi ráðuneytisins tryggt, að nemandi fái jafngóða kennslu og ef skipulagður hefði verið skólaakstur hans vegna. Þar sem svo stendur á að vista verður nemendur sveitarfélags til skólagöngu vegna þess að ekki getur verið um akstur að ræða, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi nauðsynlegan kostnað þess, allt að hámarki fjarlægðarkostnaðar samkvæmt d-lið.

- f) Óski sveitarfélag — eða sveitarfélög —, er hafa skipulagðan akstur að skóla, ekki að fá fast ríkisframlag samkvæmt d-lið, endurgreiðir ríkissjóður 85% af aksturskostnaði miðað við góða skipulagningu, samþykktu af ráðuneytinu og opinbert útboð á akstri. Til viðmiðunar um hvaða tilboðum beri að taka, lætur ráðuneytið sveitarfélögum í té leiðbeinandi tillögur um aksturstaxta á ekinn kílómetra fyrir mismunandi bifreiðagerðir.
- g) Sé heimavist við skóla, endurgreiðir ríkissjóður sveitarfélagi 85% af kostnaði þess vegna aksturs nemenda að heimili þeirra um helgar. Eigi nemendur, einn

eða fleiri, langa og erfiða heimleið, og eigi þeir að mæta í skóla eftir helgi, skal skólanefnd — í umboði sveitarfélaga — heimilt að bjóða aðstandendum umsjón með nemendum yfir helgina, ella sjái aðstandendur sjálfir um flutning nemendanna.

IV. KAFLI

Um annan rekstrarkostnað.

7. gr.

Annan endurkræfan rekstrarkostnað skóla endurgreiðir ríkissjóður samkvæmt lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, að fengnum og úrskurðuðum reikningum skólanna. Menntamálaráðuneytið lætur gera eyðublöð undir uppgjör þessi og sendir sveitarfélögum.

8. gr.

Viðhaldskostnað skólahúsa, viðhald og endurnýjun tækja og búnaðar svo og húsaleigu endurgreiðir ríkissjóður að hálfu í skólum án heimavistar.

Í skólum með heimavist (heimavistar skólum), sem byggðir eru samkvæmt eldri ákvæðum um stofnkostnað, endurgreiðir ríkissjóður kostnað þennan að þrem fjórðu hlutum. Í skólum, sem byggðir eru samkvæmt normi reglugerðar nr. 159/1969, sbr. lög nr. 49/1967, skal kostnaði þessum skipt í sama hlutfalli og eignarhlutdeild er ákveðin í samningi aðila um byggingu skólanna.

Við þá skóla, þar sem heimavist er ekki starfandi, en að dómi ráðuneytisins er nauðsyn að hafa gæzlu með nemendum í biðtíma, greiðir ríkissjóður samþykktan gæzlukostnað.

9. gr.

Laun aðstoðarstúlkna í heimavistum við skyldunámsskóla endurgreiðir ríkissjóður með öðrum kostnaði, að fengnum og úrskurðuðum reikningum. Á sama hátt greiðir ríkissjóður launakostnað vegna matseldar við skóla, þar sem, að dómi ráðuneytis, verður að hafa matseld fyrir nemendum, þótt eigi sé þar heimavist.

10. gr.

Í skólum fyrir nemendum, sem ekki eiga samleið með öðrum í námi, endurgreiðir ríkissjóður auk hlutteilidar sinnar í viðhaldskostnaði húss, tækja og húsaleigu, flutningskostnaði og heilbrigðisþjónustu, helming fæðiskostnaðar nemanda, sé starfrækt heimavist eða mótuneyti við skólann.

Einnig endurgreiðir hann sveitarfélagi helming kostnaðar við gæzlu og þjónustu. Þjónusta skal við það miðuð, að ein starfsstúlka komi á hverja 12 nemendum. Sé um fleiri nemendum að ræða, eykst þjónusta hlutfallslega.

Laun ráðskvenna og aðstoðarstúlkna greiðast eftir sömu reglum og gilda um heimavist skyldunámsskóla. Fyrir vörzlustörf kennara í heimavistum þessara skóla endurgreiðir ríkissjóður samkvæmt samningum um vörzlu í heimavistum annarra skyldunámsskóla. Gæzlustörf endurgreiðir ríkissjóður að hálfu á móti sveitarfélögum að fengnum og endurskoðuðum reikningum skólanna og skal miðað við 14. launaflokk.

11. gr.

Ríkissjóður greiðir heilbrigðisþjónustu og heilsuvernd í öllum barna- og gagnfræðastigsskólum, er falla undir skólakostnaðarlögin, að hálfu á móti sveitarfélögum. Heilbrigðisþjónusta, heilbrigðiseftirlit og heilsuvernd sú, sem hér er um að ræða, er:

Lýsisgjöf í skólum, ljósabóð, heyrnar- og sjónmælingar og sjúkraleikfimi samkvæmt ákvörðun skólalæknis.

Störf skólalækna samkvæmt samningi menntamálaráðuneytisins við stéttarfélag lækna.

Önnur heilbrigðisþjónusta og heilsuvernd samkvæmt reglugerð nr. 214/1958, sbr. lög nr. 61/1957, um heilsuvernd í skólum, enda sé gerð grein fyrir þeirri þjónustu og kostnaði hennar vegna í áætlun um rekstrarkostnað skóla eða fræðsluhéraðs, og sá kostnaður samþykktur af sveitarstjórn (um) og ráðuneyti.

Tanneftirlit og tannviðgerðir skyldunámsnemenda teljast til heilbrigðisþjónustu, sem ríkissjóður greiðir að hálfu á móti sveitarfélögum, þó ekki umfram það, að framlag ríkissjóðs sé kr. 500.00 á ári á hvern nemanda í skyldunámi, sem kost á á tannviðgerðum á vegum skólans og notfærir sér það. Grunnupphæð á nemanda er miðuð við verðlag á tannviðgerðum í október 1970, og breytist með taxtabreytingum á einföldum tannviðgerðum eða vísitölu fyrir eftirlit og viðgerðir, ef réttari þykir.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

12. gr.

Menntamálaráðuneytið hefur umsjón með fjárhagslegri framkvæmd reglugerðar þessarar og skulu því sendir reikningar skólanna svo og áætlanir um rekstrarkostnaðinn, sbr. 18. gr. laga nr. 49/1967, um skólakostnað.

Hlutaðeigandi sveitarfélög annast fjármál og reikningshald skóla, er reglugerð þessi tekur til, en falið geta þau fræðsluráði (skólanefnd), skólastjóra eða sérstökum reikningshaldara að hafa á hendi reikningshald í umboði sínu, en val hans er þó ætíð háð samþykki menntamálaráðuneytisins. Reikningar skóla skulu endurskoðaðir á sama hátt og reikningar hlutaðeigandi sveitarfélaga. Þar sem fleiri en eitt sveitarfélag standa að skóla, skulu oddvitar viðkomandi sveitarfélaga endurskoða og staðfesta reikningana. Þar sem fræðsluskrifstofur eru starfandi samkvæmt samningi milli menntamálaráðuneytisins og viðkomandi sveitarfélaga, fara þær með stjórn fræðslumála og fjármál eftir því sem nánar er ákveðið í samningi aðila.

13. gr.

Vikja má frá hámarksákvæðum um reiknaðar stundir, er ríkissjóður greiðir fyrir skóla eða skólahverfi, sé ekki innan þeirra hægt að ná tilskilinni kennslu fyrir það skólastig, nauðsynlegri eða umsaminni umsjón í heimavist eða umsjón vegna félagsstarfsemi nemenda á gagnfræðastigi. Slík frávik, þar sem hámarksákvæði eiga ekki við, skulu úrskurðuð til eins árs í senn, eða fleiri ára, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Skytt er sveitarfélögum að sjá til þess, að umsóknir um slík frávik berist svo tímanlega, að úrskurður geti legið fyrir mánuði áður en kennsla hefst í byrjun skólaárs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 49/1967, um skólakostnað, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 28. janúar 1971.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius.